



Okt. 2018

Skýrsla Ytra mat á grunnskólastarfi Langholtsskóli





Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Ytra mat í Langholtsskóla

Ritun skýrslu:

Sigrún Harpa Magnúsdóttir, ritstjóri

Arnar Ævarsson

Dröfn Rafnsdóttir

Guðrún Edda Bentsdóttir

Hrund Logadóttir

Ragnheiður Axelsdóttir

Sigrún Jónína Baldursdóttir

Valgerður Erna Þorvaldsdóttir

Töflur og myndir:

Ásgeir Björgvinsson, Lesskimun og Talnalykill (fylgiskjal 4)

og Sara Björg Ólafsdóttir, samantekt kennslustunda í Langholtsskóla (fylgiskjal 3)

Könnun:

Guðrún Mjöll Sigurðardóttir, foreldrakönnun (fylgiskjal 4)

Rekstrarniðurstaða:

Valgeir Ólafur Sigfússon (fylgiskjal 5)

Ljósmyndir á forsíðu:

Af heimasíðu Langholtsskóla

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	5
LANGHOLTSSKÓLI.....	6
SAMANTEKT – GREINING Á SKÓLASTARFI Í LANGHOLTSSKÓLA.....	7
STJÓRNUN - SAMANTEKT	9
FAGLEG FORYSTA.....	9
STEFNUMÓTUN OG SKIPULAG.....	11
SAMSKIPTI HEIMILA OG SKÓLA.....	12
NÁM OG KENNSLA - SAMANTEKT	13
NÁM OG NÁMSAÐSTÆÐUR.....	13
ÞÁTTTAKA OG ÁBYRGÐ NEMENDA.....	14
SKÓLI ÁN AÐGREININGAR.....	15
LANGHOLTSSKÓLI – YFIRLIT	16
FYLGISKJÖL	18
FYLGISKJAL 1: VIÐMIÐ UM MAT Á GÆÐUM KENNSLUSTUNDAR.....	19
FYLGISKJAL 2: VETTvangsathugun, GÁTLISTI MATSAÐILA.....	20
FYLGISKJAL 3: VETTvangsheimsóknir í 33 KENNSLUSTUNDUM.....	22
FYLGISKJAL 4: NIÐURSTÖÐUR KANNANA OG SKIMANA Í LANGHOLTSSKÓLA.....	26
Samræmd könnunarpróf.....	26
Lesskimun.....	27
Milli mála, málskilningspróf.....	28
Talnýkill.....	29
Skólapúlsin, nemendakönnun.....	31
Foreldrakönnun.....	33
FYLGISKJAL 5: REKSTRARNIÐURSTAÐA LANGHOLTSSKÓLA FRÁ 2014-2017.....	34

Myndir:

Mynd 1: Mat á 33 kennslustundum í Langholtsskóla	22
Mynd 2: Einstaklings- eða samvinna í 33 kennslustundum í Langholtsskóla.	24
Mynd 3: Notkun í upplýsingatækni í 33 kennslustundum í Langholtsskóla.	24
Mynd 4: Markmið kynnt nemendum eða ekki, í 33 kennslustundum í Langholtsskóla.	25
Mynd 5: Markmið sýnileg eða ekki, í 33 kennslustundum í Langholtsskóla.	25

Töflur:

Tafla 1. Mat á 33 kennslustundum í Langholtsskóla	22
Tafla 2. Kennsluaðferðir notaðar í 33 kennslustundum í Langholtsskóla.	23
Tafla 3. Val á verkefnum í 33 kennslustundum í Langholtsskóla.....	23
Tafla 4. Val á útfærslu 33 kennslustunda í Langholtsskóla.....	23
Tafla 5. Samræmd könnunarpróf, niðurstöður Langholtsskóla árin 2014-2017	26

INNGANGUR

Í þessari skýrslu er fjallað um niðurstöður ytra mats í Langholtsskóla sem fór fram í október 2018. Matið var framkvæmt af starfsfólki um ytra mat við skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. Teymið var skipað sérfræðingum frá tölfraði- og rannsóknþjónustu, fagskrifstofu grunnskóla, Miðju máls og læsis, mannauðsþjónustu skóla- og frístundasviðs og kennsluráðgjafa frá þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness.

Ákveðið var á skóla- og frístundasviði að Langholtsskóli yrði einn af þeim skólum sem færu í ytra mat skólaárið 2018-2019. Gagna var aflað með viðtölum, vettvangsathugunum og rýnihópum en auk þess var farið yfir ýmis gögn skólans. Könnun var lögð fyrir starfsmenn í tengslum við matið í október 2018, þar sem svarhlutfall var 63% en auk þess var stuðst við niðurstöður úr viðhorfskönnun starfsmanna Reykjavíkurborgar sem lögð var fyrir í febrúar 2018. Niðurstöður foreldrakönnunar, sem lögð var fyrir á vegum skrifstofu skóla- og frístundasviðs í mars 2018, voru einnig notaðar við ytra matið, þar var svarhlutfall 74,9%. Auk þess var könnun á vegum Skólapúlsins fyrir nemendur í 6.-10. bekk fyrir skólaárið 2017-2018 notuð.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl, vettvangsathuganir, kannanir og gagnaskoðun, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

Leiðarljós við matið er: ***Að börnum og ungmennum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.***

Matið er leiðbeinandi og umbótamiðað og markmið þess er að:

- Gera góðan skóla betri með markvissri hvatningu í starfi.
- Styrkja skólabrag og búa til samhljóm í skólanum.
- Aðstoða skóla við að efla skólastarfið í ljósi innra og ytra mats og styrkja innviði skólans.
- Veita skólafyrirvöldum upplýsingar um gæði skólastarfs og hvernig skólar framfylgja stefnu borgarinnar í menntamálum.

Matið er liður í því að styðja við skólastarf og kemur til viðbótar sjálfsmati skólanna. Viðmiðin sem notuð voru til að leggja mat á skólastarfið voru útbúin fyrir þróunarverkefni um ytra mat mennta- og menningarmálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga árið 2012 og eru fyrst og fremst byggð á lögum og reglugerðum um skólastarf og aðalnámskrá grunnskóla. Viðmiðin voru aðlöguð að stefnu og starfsáætlun Reykjavíkurborgar á skóla- og frístundasviði árið 2014. Þau eru birt á heimasíðu skóla- og frístundasviðs undir yfirskriftinni mat á skólastarfi:

http://reykjavik.is/sites/default/files/vidmid_um_gaedi_i_skolastarfi.pdf

Skýrsla – endurgjöf – eftirfylgd

- Skýrsla um ytra mat í Langholtsskóla unnin.
- Skýrslan afhent skólastjórnendum á fundi með skrifstofustjóra grunnskólahluta fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs. Skólastjórnendur fá tækifæri til að koma með athugasemdir sem tekið er tillit til við lokagerð.
- Niðurstöður kynntar á fundi starfsmanna. Fulltrúum foreldra og fulltrúum frá þjónustumiðstöð er boðið að sækja þann fund.
- Skólinn gerir umbótaáætlun sem byggir á niðurstöðum matsins og skilar til grunnskólahluta fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs.
- Eftirfylgni frá fagskrifstofu grunnskóla á skrifstofu skóla- og frístundasviðs.

LANGHOLTSSKÓLI

Langholtsskóli var stofnaður haustið 1952 og er við Holtaveg 23, 104 Reykjavík. Skólinn er heildstæður grunnskóli fyrir nemendur í 1.-10. bekk og einkunnarorð hans eru **virðing – vellíðan – skapandi skólastarf**.

Í stefnu skólans segir m.a. að skólastarfið sé sveigjanlegt og skapandi. Lögð sé áhersla á fjölbreytta kennsluhætti þar sem komið er til móts við mismunandi þarfir, hæfileika og áhuga nemenda og að skólabragur sé jákvæður. Í stefnunni segir að borin sé virðing fyrir sérhverjum einstaklingi, bæði nemendum og starfsmönnum og miklar væntingar séu um árangur í starfi. Litið er á nemendur, starfsmenn og foreldra sem samstarfshóp og skólinn starfar í sátt við umhverfi sitt og grenndarsamfélag. Litið er á skólann sem námssamfélag þar sem nemendur og starfsmenn fá tækifæri til að læra og þroskast.

Í Langholtsskóla voru 681 nemendur skráðir í 1.-10. bekk í október 2018 en Langholtsskóli er fjölmennasti grunnskóli Reykjavíkur 2018. Í skólanum eru margir nemendur af erlendum uppruna eða 17,6% nemenda, sé miðað við að 120 nemendur komu út á gulu og rauðu í málskilningsprófinu Milli mála sem var tekið haustið 2018. Í skólanum er sérdeild fyrir 9 einhverfa nemendur, en hún var ekki skoðuð sérstaklega í þessu ytra mati.

Í stjórnunarteymi skólans eru auk skólastjóra og aðstoðarskólastjóra þrír verkefnisstjórar fyrir hvert námsstig og deildarstjóri sérkennslu. Skólastjóri er Hreiðar Sigtryggsson og aðstoðarskólastjóri er Sesselja Auður Eyjólfsdóttir. Guðlaug Bjarnadóttir er verkefnisstjóri unglíngastígs, Ingvi Sveinsson verkefnisstjóri miðstígs, Kolbrún Franklín verkefnisstjóri yngsta stígs og deildarstjóri sérkennslu er Erna Björk Hjaltadóttir. Bjarnveig Bjarnadóttir er verkefnisstjóri sérdeildar fyrir einhverfa. Í skólanum eru starfandi 111 starfsmenn í 91 stöðugildum, 78,9% konur og 21,1% karlar. Af 111 starfsmönnum eru 10 stundarkennarar sem sinna forfallakennslu og 6 kennarar starfa í sérdeild fyrir einhverfa nemendur. Kennarar eru 46 talsins í 55 stöðugildum, auk þess eru 6 leiðbeinendur á undanþágu í 5,8 stöðugildum. Sérkennarar eru 13 talsins í 11,5 stöðugildum, 2 þroskaþjálfar í 2 stöðugildum og 12 stuðningsfulltrúar í 8,3 stöðugildum. Einnig er starfandi náms- og starfsráðgjafi og verkefnisstjóri upplýsingatækni og skrifstofustjóri í 0,5 stöðugildi. Annað starfsfólk er 16 talsins í 10 stöðugildum: ritari, umsjónarmaður skólahúsnæðis, yfirmaður mötuneytis, yfirmaður í kaffistofu starfsmanna og skólaliðar.

Stöðugildi kennarar og leiðbeinenda við kennslu ásamt verkefnisstjórum eru 62,3 stöðugildi. Samkvæmt því eru 10,9 nemendur á hvert stöðugildi, sem er hærra en hlutfall á landsvísu, að meðaltali (9,7).¹ Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi kennara (kennara með leyfisbréfi og kennara með undanþágu menntamálaráðuneytis) er 11,2 í Langholtsskóla en 12,1 fyrir landið í heild².

¹ <https://www.samband.is/verkefnin/skolamal/grunnskoli/> (Lykiltölur um leik- og grunnskóla 2016 eftir sveitarfélögum, tekið saman í nóvember 2017).

² <https://www.samband.is/verkefnin/skolamal/grunnskoli/> (Lykiltölur um leik- og grunnskóla 2016 eftir sveitarfélögum, tekið saman í nóvember 2017).

Flestir kennarar í Langholtsskóla eru á aldrinum 35-39 ára (19,1%) og þarnaest á aldrinum 45-49 ára (14,7%).

SAMANTEKT – GREINING Á SKÓLASTARFI Í LANGHOLTSSKÓLA

STYRKLEIKAR.

Í Langholtsskóla er lögð áhersla á faglegt starf og stjórnendur og kennarar hafa mikinn metnað fyrir hönd nemenda. Samstarf kennara er gott og samskipti innan skólans einkennast af jákvæðni og trausti en áhersla er lögð á að viðhalda jákvæðum starfsanda og góðum skólabrag. Stefna skólans er skýr og skólinn hefur mótað sér einkunnarorð sem eru sýnleg og unnið er með. Starfsmenn skólans þekkja stefnu og gildi skólans vel. Verkaskipting stjórnenda er skýr, stjórnendateymi fundar reglulega og miðlar upplýsingum innbyrðis. Kennarar, stuðningsfulltrúar og skólaliðar sinna gæslu í frímínútum og fagleg rök eru fyrir því að kennarar annast gæslu í matsal ásamt skólaliðum. Forföll kennara eru mönnuð á öllum stigum. Stjórnendur leggja mikla áherslu á að styðja kennara til að takast á við erfið agamál og koma til hjálpar ef eitthvað kemur upp á í kennslustundum. Kennarar finna fyrir miklu trausti frá stjórnendum og finnst þeir hafa svigrúm og frelsi til að koma með hugmyndir og prófa nýjar leiðir í kennslu. Skólastjórnendur sitja reglulega samráðsfundi með fulltrúum frístundamiðstöðvar, lögreglu, heilsugæslu og þjónustumiðstöðvar hverfisins og gott samstarf er aðra í grenndarsamfélaginu. Starfsfólk Langholtsskóla vinnur í teymum sem funda reglulega.

Unnið er að ýmsum þróunarverkefnum í skólanum og viðhorf til skólaþróunar er almennt mjög jákvætt. Þróunarverkefni um skapandi skólastarf í unglingadeild (smiðjur) er til fyrirmyndar og öðrum skólum til eftirbreytni, Vinaliðaverkefni á yngsta- og miðstigi hefur gefist mjög vel, fjölbreytt val er í boði á miðstigi, unnið er eftir Olweusaráætluninni gegn einelti og Langholtsskóli leiðir þróunarverkefni um skólaskil leik- og grunnskóla sem er styrkt af Erasmus.

Almennt er jákvætt viðhorf til skóla án aðgreiningar og sveigjanleiki viðmiðunarstundaskrár er nýttur til að skapa samfellu í námi en námsgreinar eru samþættar á öllum stigum að einhverju leyti og nemendur á öllum stigum hafa að einhverjum hluta val um verkefni. Hæfniviðmið eru markvisst notuð í smiðjutímum á unglingastigi og upplýsingatækni einnig en auk þess eiga nemendur á unglingastigi þess kosta að sækja aukatíma í stærðfræði. Í viðhorfskönnun nemenda í Skólupúlsinum mældist Langholtsskóli marktækt hærri en aðrir skólar í Reykjavík þegar spurt var um samband nemenda við kennara, aga í tímum og þátttöku nemenda, einnig ánægju af náttúrufræði, sjálfsálit, aga í tímum, virka þátttöku nemenda í tímum og mikilvægi heimavinnu í náminu. Fyrirmyndar námsumhverfi er í kennslurými fyrir nemendur í 1. bekk og mikil ánægja er með umhverfi við skólann meðal nemenda, kennara og foreldra, t.d. Laugardalinn.

Heimasíða skólans hefur nýlega verið uppfærð og mikið er sett inn af fréttum af skólastarfinu sem hægt er að þýða á önnur tungumál og upplýsingapóstur eru sendir til foreldra vikulega. Foreldrar finna að þeir eru velkomnir í skólann og þeim er reglulega boðið að koma á samverustundir nemenda, t.d. kynningar á þemaverkefnum, samveru á sal og menningarmót í 6. bekk, sem er fyrirmyndarverkefni. Í viðhorfskönnun foreldra sögðu 92% þeirra sem tóku þátt að barninu þeirra væri mætt með sanngirni í skólastarfinu og 91% sögðu að barninu þeirra liði vel í skólanum, sem er hærra en meðaltal annarra skóla í Reykjavík.

Skólaráð fundar reglulega, fundir eru boðaðir með dagskrá og fundargerðir birtar á heimasíðu. Fulltrúar í ráðið eru kosnir á lýðræðislegan hátt og það er vel kynnt fyrir nemendum. Foreldrafélag starfar við skólann og upplýsingar um starfsemi þess og reglur eru á heimasíðu ásamt upplýsingum um skólaráð.

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

Efla þarf innra mat til að fylgjast betur með hvernig gengur að vinna að stefnu skólans. Starfsáætlun og skólanámskrá þarf að birta á heimasíðu skólans og gera ætti símenntunaráætlun í samræmi við áherslur skólans og umbótáætti. Birta áætlanir sem snúa að forvörnum og vinna móttökuáætlun fyrir nýja nemendur, nemendur sem þurfa sérstakan stuðning og fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku og birta á aðgengilegan hátt. Tryggja þarf að allir starfsmenn fái nauðsynlegar upplýsingar sem snerta starfið og tryggja þarf að niðurstöður allra kannana séu kynntar hagsmunaaðilum og unnið sé markvisst með niðurstöður. Kynna þarf markvisst fyrir foreldrum og nemendum leiðir sem þeir hafa til að hafa áhrif á skólastarfið.

Tækifæri eru til að efla enn frekar fjölbreytta kennsluhætti, leggja meiri áherslu á að kynna öllum nemendum námsmarkmið og viðmið um árangur, auka áherslu á umræður nemenda, ígrundun, gagnrýna hugsun, samvinnu og samstarf nemenda. Sóknarfæri eru í að auka eigið val og útfærslu nemenda á verkefnum á öllum námsstigum enn frekar og vinna markvisst að því að nemendur læri að þekkja og nýta eigin styrkleika, m.a. með því að meta eigin árangur í námi. Æskilegt væri að brjóta námsumhverfið meira upp, breyta uppröðun og nýta rými betur. Viðhalds er þörf í nokkrum rýmum.

Móta þarf sameiginlega sýn um skóla án aðgreiningar með þátttöku allra hagsmunaaðila skólans undir forystu skólastjórnenda og auka þarf upplýsingagjöf um námið til foreldra barna sem fá stuðing. Tryggja þarf samstarf um gerð einstaklingsnámskráa á markvissan hátt og í þeim komi fram markmið, leiðir, námsmat, námsframvinda og ábyrgð hagsmunaaðila. Í einstaklingsnámskrám ætti einnig að tilgreina tengingu við bekkjarnámskrá, samstarfi við foreldra og þeir, ásamt nemendum, ættu að hafa tækifæri til að móta áherslur í einstaklingsnámskrá, m.a. út frá áhugasviði, félagslegri þátttöku, sterkum og veikum hliðum nemandans. Mikilvægt er að í einstaklingsnámskrám komi fram mælanleg markmið, námsframvinda og hvernig framfarir og ný markmið haldast í hendur.

Hér á eftir eru niðurstöður ytra matsins settar fram í viðeigandi köflum, stjórnun og nám og kennslu.

STJÓRNUN - SAMANTEKT

Viðmiðum um stjórnun í grunnskóla er skipt í þrjá meginkafla: *Faglega forystu, stefnumótun og skipulag, og samskipti heimila og skóla*.

Hér á eftir eru styrkleikar og tækifæri til umbóta úr niðurstöðum ytra mats í Langholtsskóla, í hverjum kafla fyrir sig. Samantektin byggir á viðmiðum og vísbendingum um gæði í skólastarfi.³

FAGLEG FORYSTA

SAMANTEKT ÚR KÖFLUNUM: STJÓRNANDINN SEM LEIÐTOGI, STJÓRNUN STOFNUNAR, FAGLEGT SAMSTARF OG SKÓLAÞRÓUN

STYRKLEIKAR:

- Stefna skólans er skýr og er birt í starfsáætlun.
- Skólinn hefur mótað sér einkunnarorð, þau eru sýnleg í skólanum og markvisst er unnið með þau í skólastarfinu.
- Stjórnendur og kennarar leggja áherslu á faglegt starf og hafa mikinn metnað fyrir hönd nemenda.
- Stjórnendur leggja áherslu á að styðja kennara til að takast á erfið agamál og koma til hjálpar ef eitthvað kemur upp á í kennslustundum.
- Skipurit er vel unnið og endurspeglar fyrirkomulag stjórnunar í skólanum.
- Verkaskipting stjórnenda er skýr.
- Stjórnendateymi fundar reglulega og miðlar upplýsingum innbyrðis.
- Kennarar kenna í samræmi við menntun sína og sérhæfingu.
- Allt starfsfólk undirritar yfirlýsingu um trúnað í starfi.
- Aflað er upplýsinga frá Sakaskrá við ráðningar.
- Jafnréttisáætlun er birt á heimasíðu og tekur bæði til nemenda og starfsfólks.
- Fagleg rök eru fyrir því að kennarar annast gæslu í matsal ásamt skólaliðum.
- Forföll kennara eru mönnum á öllum stigum.
- Samstarf kennara er gott og samskipti innan skólans einkennast af jákvæðni og trausti.
- Fundaráætlun fyrir skólaárið liggur fyrir, kennara- og starfsmannafundir eru haldnar reglulega.
- Fundir eru boðaðir með dagskrá, fundargerðir ritaðar og sendar í tölvupósti til starfsmanna.
- Í könnun ytra mats mælist upplýsingastreymi mun betra innan skólans en hjá öðrum skólum sem fóru ytra mat á árunum 2014-2016.
- Fjölpætt samstarf er við leikskóla í hverfinu og gagnkvæmar heimsóknir eru á milli leikskóla og grunnskóla.
- Náið samstarf er við félagsmiðstöðina Þróttheima.
- Skólastjórnendur sitja reglulega samráðsfundi með fulltrúum frístundamiðstöðvar, lögreglu, heilsugæslu og þjónustumiðstöðvar hverfisins.
- Gott samstarf er við frístundaheimilin Glaðheima og Dalheima og starfsemin er kynnt á fundum með foreldrum í skólanum að hausti.
- Unnið er að ýmsum þróunarverkefnum í skólanum og viðhorf til skólaþróunar er almennt mjög jákvætt.
- Þróunarverkefni um skapandi skólastarf í unglingsdeild (smiðjur) er til fyrirmyndar.
- Kennarar finna fyrir miklu trausti frá stjórnendum og finnst þeir hafa svigrúm og frelsi til að koma með hugmyndir og prófa nýjar leiðir í kennslu.

³ <http://reykjavik.is/vidmid-um-gaedi-i-skolastarfi-fyrir-ytra-mat-grunnskolum>

TIL UMBÓTA

- Efla þarf innra mat til að fylgjast betur með hvernig gengur að vinna að stefnu skólans.
- Æskilegt væri að stjórnendur veittu kennurum endurgjöf og færu reglulega í kennslustundir til að fylgjast með námi og kennslu.
- Gera ætti starfslýsingar fyrir alla starfsmenn og stjórnendur.
- Æskilegt væri að boða alla starfsmenn í starfsþróunarviðtöl árlega.
- Gera þarf áætlun um viðbrögð við áreitni og einelti í starfsmannahópnum og birta á heimasíðu eða í starfsmannahandbók.
- Skoða hvernig hægt er efla þátttöku allra starfsmanna á viðburðum starfsmannafélagsins þannig að öllum finnist þeir tilheyra hópnum.
- Tryggja að allir starfsmenn fái nauðsynlegar upplýsingar sem snerta starfið.
- Æskilegt væri að skólaritari fengi afrit af upplýsingapóstum sem sendir eru út til foreldra.
- Skrá verklag um samstarf við leikskóla, frístundaheimili og félagsmiðstöð.
- Birta ætti símenntunaráætlun á heimasíðu.
- Gera þarf símenntunaráætlun í samræmi við áherslur skólans og umbótaþætti þar sem fram kemur m.a. hvaða símenntun er í boði, markmið og fyrir hverja fræðslan er ætluð.

STEFNUMÓTUN OG SKIPULAG

SAMANTEKT ÚR KÖFLUNUM: STARFSÁÆTLUN OG SKÓLANÁMSKRÁ, SKÓLADAGUR NEMENDA OG VERKLAGSREGLUR OG ÁÆTLANIR

STYRKLEIKAR

- Starfsáætlun er unnin með forgöngu stjórnenda og þátttöku starfsfólks skólans og lögð fyrir skólaráð.
- Starfsmenn skólans þekkja stefnu og gildi skólans vel.
- Almennt er jákvætt viðhorf til skóla án aðgreiningar hjá stjórnendum og í starfsmannahópnum.
- Sveigjanleiki viðmiðunarstundaskrár er nýttur til að skapa samfellu í námi.
- Námsgreinar eru samþættar á öllum stigum.
- Vinaliðaverkefni á yngsta og miðstigi hefur gefist vel.
- Fjölbreytt val er í boði á miðstigi.
- Nemendur á unglíngastigi eiga kost á að sækja aukatíma í stærðfræði.
- Áhersla er lögð á að viðhalda jákvæðum starfsanda og góðum skólabrag.
- Markvisst er unnið eftir Olweusaráætlunni gegn einelti.
- Í skólareglum er fjallað um æskilega hegðun og allir bekkir setja sér bekkjarreglur.
- Rýmingaræfingar eru haldnar reglulega.

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

- Móta þarf heildarsýn skólans um hvernig bregðast eigi við margbreytileika nemendahópsins í skóla án aðgreiningar.
- Starfsáætlun og skólanámskrá þarf að birta á heimasíðu skólans.
- Kynna ætti stefnu skólans fyrir foreldrum á markvissan hátt.
- Leita ætti leiða til að endurskoða fyrirkomulag matartíma nemenda.
- Birta ætti áætlanir sem snúa að forvörnum á aðgengilegan hátt á heimasíðu.
- Vinna þarf móttökuáætlætun fyrir nýja nemendur, nemendur sem þurfa sérstakan stuðning og fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku og birta á aðgengilegan hátt.

SAMSKIPTI HEIMILA OG SKÓLA

SAMANTEKT ÚR KÖFLUNUM: SKÓLARÁÐ OG FORELDRAFÉLAG, ÞÁTTTAKA FORELDRA Í SKÓLASTARFI OG UPPLÝSINGAMIÐLUN

STYRKLEIKAR

- Skólaráð fundar reglulega, fundir eru boðaðir með dagskrá og fundargerðir birtar á heimasíðu.
- Góð umfjöllun um skólaráðið, hlutverk þess, helstu verkefni og val fulltrúa er á heimasíðu.
- Nöfn og netföng fulltrúa í skólaráði eru aðgengileg á heimasíðu.
- Fulltrúar í ráðið eru kosnir á lýðræðislegan hátt og fulltrúar foreldra eiga bakland í foreldrahópnum.
- Foreldrafélag starfar við skólann og upplýsingar um starfsemi þess og reglur eru á heimasíðu.
- Góðar upplýsingar eru á heimasíðu um bekkjarfulltrúa og hlutverk þeirra.
- Auðsótt er fyrir foreldra að fá aðstöðu fyrir fundi eða aðra viðburði í skólanum.
- Kennarar senda vikulega upplýsingapósta til foreldra þar sem m.a. er sagt frá því sem framundan er í skólastarfinu og hvað hefur verið farið yfir í náminu í vikunni.
- Foreldrum er boðið að koma á samverustundir nemenda á yngsta- og miðstigi á sal, á kynningu á þemaverkefnum og menningarmót í 6. bekk.
- Heimasíða skólans hefur nýlega verið uppfærð og mikið er sett inn af fréttum af skólastarfinu.
- Á heimasíðu er boðið upp á þann valmöguleika að þýða efnið á önnur tungumál með google translate.

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

- Æskilegt væri að skólastjórnendur funduðu reglulega með stjórn foreldrafélags.
- Setja þarf inn helstu upplýsingar um skólann á heimasíðu, s.s. skólanámskrá, starfsáætlun og ýmsar áætlanir er varða skólastarfið.
- Auka þarf upplýsingagjöf um námið til foreldra barna sem fá stuðning.
- Leita mætti markvissar eftir viðhorfum og hugmyndum foreldra um skólastarfið, t.d. með reglulegum könnunum.

NÁM OG KENNSLA - SAMANTEKT

Í viðmiðum um nám og kennslu í grunnskóla er fjallað um nám og námsaðstæður, þátttöku og ábyrgð nemenda og námsaðlögun og skóla án aðgreiningar.

Hér á eftir eru styrkleikar og tækifæri til umbóta úr niðurstöðum ytra mats í Langholtsskóla, í hverjum kafla fyrir sig. Samantektin byggir á viðmiðum og vísbendingum um gæði í skólastarfi.⁴

NÁM OG NÁMSAÐSTÆÐUR

SAMANTEKT ÚR KÖFLUNUM: INNTAK OG ÁRANGUR, SKIPULAG NÁMS OG NÁMSUMHVERFI, KENNSLUHÆTTIR OG GÆÐI KENNSLU, NÁMSHÆTTIR OG NÁMSVITUND

STYRKLEIKAR

- Í könnun Skólapúlsins mælast fimm þættir marktækt hærrí í Langholtsholsskóla en í öðrum skólum landsins; ánægja af náttúrufræði, sjálfsálit, samband nemenda við kennara, agi í tímum, virk þátttaka nemenda í tímum og mikilvægi heimavinnu í náminu.
- Námsmat er vel skilgreint í skólanámskrá.
- Samstarf við leikskóla í hverfinu er mikið en Langholtsskóli leiðir þróunarverkefni um skólaskil leik- og grunnskóla sem er styrkt af Erasmus.
- Samþætt verkefni voru markvisst unnin á öllum stigum.
- Námsumhverfi nemenda á yngsta stigi var nýtt á fjölbreyttan hátt.
- Nemendur á öllum stigum hafa að einhverjum hluta val um verkefni.
- Upplýsingatækni var markvisst notuð á unglingsstigi til að auka fjölbreytni kennsluhátta

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

- Birta ætti skólanámskrá á heimasíðu skólans á aðgengilegan hátt.
- Tækifæri liggja í því að móta markvissari stefnu um hvernig grunnþættir menntunar birtast í almennu skólastarfi og í einstökum námsgreinum.
- Tryggja þarf að niðurstöður allra kannana séu kynntar hagsmunaaðilum og unnið sé markvisst með niðurstöðum.
- Tækifæri eru til að efla enn frekar fjölbreytta kennsluhætti.
- Sóknarfæri eru í að auka eigið val og útfærslu nemenda á verkefnum enn frekar.
- Gagnlegt væri að bæta merkingar í skólanum.
- Æskilegt væri að hafa nemendasamtöl reglulega.
- Leggja þarf meiri áherslu á að kynna öllum nemendum námsmarkmið og viðmið um árangur.
- Auka ætti áherslu á umræður nemenda, ígrundun og gagnrýna hugsun.
- Auka ætti samvinnu og samstarf nemenda.
- Tækifæri eru til að vinna markvissar að verkefnum sem eru tengd daglegu lífi nemenda.
- Æskilegt væri að brjóta námsumhverfið meira upp, breyta uppröðun og nýta rými betur.
- Auka ætti val nemenda um námsaðferðir eða viðfangsefni.
- Vinna ætti markvisst að því að nemendur lærðu að þekkja og nýta eigin styrkleika, t.d. með því að þjálfar nemendur í að setja sér markmið og gera áætlanir um eigið nám.
- Efla ætti notkun upplýsinga- og samskiptatækni í námi nemenda á mið- og yngsta stigi.

⁴ <http://reykjavik.is/vidmid-um-gaedi-i-skolastarfi-fyrir-ytra-mat-grunnskolum>

ÞÁTTTAKA OG ÁBYRGÐ NEMENDA

SAMANTEKT ÚR KÖFLUNUM: LÝÐRÆÐISLEG VINNUBRÖGÐ OG ÁBYRGÐ OG ÞÁTTTAKA

STYRKLEIKAR

- Samskipti í skólasamfélaginu eru mjög jákvæð og einkennast af virðingu.
- Skólaráð er kynnt vel fyrir nemendum og nemendur eru fullgildir þátttakendur í því.
- Kosið er um fulltrúa nemenda í skólaráði.
- Hæfniviðmið voru markvisst notuð smiðjutímum á unglíngastigi.
- Meirihluti foreldra sem tóku þátt í foreldrakönnun segjast hafa tekið þátt í að setja barninu sínu markmið í námi og fá reglulega góðar leiðbeiningar um námsárangur barnsins.

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA.

- Skrá ætti verklag til að afla sjónarmiða nemenda.
- Kynna ætti fyrir nemendum hvaða leiðir þeir hafa til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.
- Leita leiða til að virkja og kenna nemendum að setja sér námsmarkmið og að vinna samkvæmt þeim.
- Tryggja að markmið kennslustunda séu nemendum ljós, svo og viðmið um árangur.
- Kenna ætti nemendum enn frekar að meta eigin árangur í námi.

SKÓLI ÁN AÐGREININGAR

SAMANTEKT ÚR KÖFLUNUM: MENNING OG VIÐHORF, NÁMSKRÁ OG ÁÆTLANIR, UPPLÝSINGAMIÐLUN OG SAMSKIPTI, STARFSHÆTTIR

STYRKLEIKAR

- Menningarmót á miðstigi er fyrirmyndarverkefni.
- Í viðhorfskönnun nemenda í Skólapúlsinum mældist Langholtsskóli marktækt hærra en aðrir skólar í Reykjavík þegar spurt var um samband nemenda við kennara, aga í tímum og þátttöku nemenda.
- Í viðhorfskönnun foreldra sögðu 92% þeirra sem tóku þátt að barninu þeirra væri mætt með sanngirni í skólastarfinu og 91% sögðu að barninu þeirra liði vel í skólanum.
- Heildaráætlun skólans um stuðning hefur verið unnin árlega.
- Kennarar geta leitað stuðnings hjá samkennurum og öðru fagfólki innan skólans.
- Starfsfólk í sérkennslu og stuðningi fundar einu sinni í mánuði.
- Starfsfólk Langholtsskóla vinnur í teymum sem funda reglulega.
- Fyrirmyndar námsumhverfi er í kennslurými fyrir nemendur í 1. bekk.
- Mikil ánægja er með umhverfi við skólann meðal nemenda, kennara og foreldra (m.a. Laugardalinn).

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA.

- Móta þarf sameiginlega sýn um skóla án aðgreiningar með þátttöku allra hagsmunaaðila skólans undir forystu skólastjórnenda.
- Útvega ætti fræðslu um virkt tvítyngi fyrir allt starfsfólk.
- Kynna þarf markvisst fyrir foreldrum og nemendum leiðir sem þeir hafa til að hafa áhrif í skólastarfi.
- Skrá og birta starfs- og verklagsreglur nemendaverndarráðs.
- Tryggja þarf að unnið sé með niðurstöður skimana og kannana.
- Skrá þarf málskilningsprófið Milli mála á lista yfir árlegar skimanir og kynna fyrir öllum kennurum.
- Tryggja þarf að einstaklingsnámskrár tengist bekkjarnámskrám og fram komi markmið, leiðir, námsmat, námsframvinda og ábyrgð hagsmunaaðila.
- Í einstaklingsnámskrám ætti að tilgreina hvernig samstarfi við foreldra er háttáð og þeir, ásamt nemendum, ættu að hafa tækifæri til að móta áherslur í einstaklingsnámskrá, m.a. út frá áhugasviði, félagslegri þátttöku, sterkum og veikum hliðum.
- Tryggja þarf samstarf um gerð einstaklingsnámskráa á markvissan hátt.
- Tækifæri eru til að efla samskipti við þjónustumiðstöð enn frekar.
- Skrá þarf hver ber ábyrð á að fylgja eftir tilfærsluáætlunum eftir fyrir nemendur.
- Móttökuáætlanir fyrir nemendur sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda ættu að vera virkar í starfinu og birtast á heimasíðu.
- Starfsreglur um meðferð mála sem berast frá foreldrum þarf að birta á heimasíðu.
- Leggja ætti meiri áherslu á samræðu og samstarf nemenda.
- Efla ætti sjálfsmat og jafningjamat nemenda.
- Leggja ætti áherslu á að fjarlægja hindranir í námi nemenda eins og kostur er, t.d. með sjónrænum vísbendingum.
- Mikilvægt er að í einstaklingsnámskrám komi fram mælanleg markmið, námsframvinda og hvernig framfarir og ný markmið haldast í hendur.
- Viðhalds er þörf í nokkrum rýmum.

LANGHOLTSSKÓLI – YFIRLIT

Stjórnun			Nám og kennsla		
Fagleg forysta	Stefnumótun og skipulag	Samskipti heimila og skóla	Nám og námsaðstæður	Þátttaka og ábyrgð nemenda	Skóli án aðgreiningar
Stjórnandinn sem leiðtogi	Starfsáætlun og skólanámskrá	Skólaráð, foreldrafélag	Inntak og árangur	Lýðræðisleg vinnubrögð	Menning og viðhorf
Stjórnun stofnunar	Skóladagur nemenda	Þátttaka foreldra í skólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag náms og námsumhverfi	Ábyrgð og þátttaka	Námskrá og áætlanir
Faglegt samstarf	Verklagsreglur og áætlanir		Kennsluhættir og gæði kennslu		Upplýsingmiðlun og samskipti
Skólaþróun			Námshættir og námsvitund		Starfshættir

Myndin sýnir meðaltalsútkomu í hverjum undirkafla skýrslunnar. Kvarðinn er á skalanum 1 – 4. Vísbendinga A gefur 4 stig, vísbending B gefur 3 stig, vísbending C gefur 2 stig og vísbending D gefur 1 stig.

Dökkgrænt (3,5 - 4,0) sýnir mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Ljósgrænt (2,6 - 3,4) sýnir gott verklag þar sem flestir þættir eru í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

Gult (1,6 - 2,5) sýnir að verklag uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti en einhverjir mikilvægir þættir þarfnast úrbóta.

Rautt (1,0 - 1,5) sýnir óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

Vísbendingar sem benda til gæðastarfs og fengu stjórnun (öðrum til eftirbreytni)



Þróunarverkefni um skapandi skólastarf á unglingsstigi

Stjórnendur leggja áherslu á að veita kennurum góðan stuðning í agamálum.

FYLGISKJÖL

FYLGISKJAL 1: VIÐMIÐ UM MAT Á GÆÐUM KENNSLUSTUNDAR

Frábær

Kennslustundin telst a.m.k. góð í öllum meginatriðum og til fyrirmyndar í ákveðnum þáttum sem sést á því að allir nemendur taka greinilegum framförum.

Góð

Flestir nemendur ná árangri vegna góðrar kennslu. Hegðun er almennt góð og nemendur áhugasamir. Þeir vinna í öruggu og vinsamlegu umhverfi.

Kennslan byggir á öruggri þekkingu á námsgreininni ásamt vel skipulögðum verkefnum sem nemendur fást við. Verkefnin mæta vel ólíkum þörfum nemenda svo flestir fá verkefni við hæfi. Kennsluáðferðir eru í samræmi við markmið kennslustundarinnar og þarfir nemenda. Stuðningsfulltrúar og aðrar bjargar eru vel nýttar og tími vel nýttur. Mat á verkum nemenda er stöðugt, samræmt og styður við framfarir.

Þarf að bæta

Kennslustundin telst ekki óviðunandi í neinum meginþáttum og kann að vera góð í sumum þáttum sem kemur fram í því að flestir nemendur njóta stundarinnar og ná viðunandi árangri.

Óviðunandi

Kennslustund getur ekki talist viðunandi ef:

- Flestir nemendur eða ákveðinn hluti nemendahópsins ná ekki fullnægjandi árangri.
- Almenn hegðun nemenda eða viðhorf eru óviðunandi og ekki virðist vera stuðlað að alhliða þroska og menntun.
- Heilsa eða öryggi nemenda er ekki tryggt.

Kennslan er óviðunandi. Óviðunandi kennsla einkennist að öllum líkindum af einu eða fleiri eftirfarandi:

- Lítil þekking á námskrá sem leiðir af sér ónákvæmni í kennslu og litlar kröfur til nemenda.
- Verkefni ríma ekki við fyrri þekkingu nemenda.
- Bekkjarstjórnun er ábótavant.
- Aðferðir henta ekki námsmarkmiðum eða ná ekki að vekja áhuga nemenda.
- Óviðunandi nýting bjarga, þ.m.t. aðstoðarmanna og tímans sem til ráðstöfunar er.
- Lítil áhersla er á mat og endurgjöf.


FYLGISKJAL 2: VETTVANGSATHUGUN, GÁTLISTI MATSAÐILA

Vettvangsathugun – gátlisti Matsaðili:	Skóli
Bekkur:	Dags./vikud.:
Námsgrein:	Kl.(upphaf-lok)
Kennari: Aðrir starfsmenn:fjöldi/hlutverk	Fjöldi nemenda í stundinni: Fjöldi nemenda í sérúrræði:
Kennsluhættir: (merkja hámark við 3) Innlögn, verkefnavinna, þemavinna, verklegt, sköpun og tjáning, tilraunir, markviss samvinna, sjálfstæð vinna/eigið val, bekkjarfundur	Samvinna nemenda/einstaklingsvinna. Nemendur nota UT: Kennari notar UT:
Kennari ákveður verkefni og útfærslu þess Nemendur hafa val um verkefni og/eða útfærslu verkefnis	Markmið stundarinnar eru gerð sýnileg eða kynnt: Já/nei
Skipulag kennslustofunnar	
Sætaskipan/uppröðun	
Hvað er á veggjum/töflunni/ reglur sýnilegar	
Tölvur og tækni	
Kennslugögn	
Staðsetning kennarans	
Aðrir starfsmenn/virkni þeirra	
Annað	
Framvinda kennslustundarinnar	
Upphaf kennslustundar: <i>Hvernig er tekið á móti nemendum? Er heilsað? Nafnakall ?</i>	
Kennslustundin er vel undirbúin	
Kveikja/ áhugi vakinn	
Tíminn er vel nýttur (nemendur virkir á 5 mín.)	
Kennarinn dregur saman í lokin	
Kennslustund lýkur formlega	
Markmið, mat og endurgjöf	
Hver eru markmið stundarinnar?	
Nemendur þekkja markmiðin	
Viðmið um árangur eru sýnileg	
Nemendur fá leiðbeinandi endurgjöf (leiðsagnarmat)	
Námsmat er fjölbreytt	
Sjálfsmat og/eða jafningjamat	
Skriflegt mat kennara kemur fram í vinnubókum eða annarsstaðar	
Samskipti og samstarf	
Fjölbreytileikinn er virtur	
Samskipti nemenda er jákvæð	
Gagnkvæm virðing ríkir fyrir öllum	
Samvinna er markvisst þjálfuð	

Vinnufriður			
Markviss bekkjarstjórnun			
Kennsluaðferðir og vinnutilhögun			
Kennslan er skipulögð til að mæta ólíkum þörfum nemenda			
Nemendur hafa val			
Verkefnin eru krefjandi			
Verkefnin eru heildstæð og samþætt			
Allir nemendur eru virkir			
Kennsluhættir hæfa verkefnum			
Kennsluhættir eru fjölbreyttir			
Nemendur þjálfast í sjálfstæði			
Nemendum er kennt að setja sér markmið			
Nemendur nýta sér mismunandi leiðir í náminu m.a. upplýsingatækni			
Nemendur fá þjálfun í að koma sjónarmiðum sínum á framfæri			
Tíminn sem nemendur fá til að tjá sig um námið er ekki minni en tími kennarans			
Námsaðlögun			
Kennslan er löguð að stöðu nemenda			
Verkefnin eru í samræmi við námsmarkmið hvers og eins			
Nám tekur mið af áhuga og hæfni nemenda			
Nemendahópar vinna að mismunandi verkefnum með fjölbreyttum aðferðum			
Nemendur geta valið sér námsaðferðir			
Grunnþættir menntunar skv. aðalnámskrá eru sýnilegir			
Læsi			
Sjálfbærni			
Heilbrigði og velferð			
Lýðræði og mannréttindi			
Jafnrétti			
Sköpun			
Tvö atriði sem eru vel gerð og eitt sem má bæta:			
Frábær	Góð	Þarf að bæta	Óviðunandi

FYLGISKJAL 3: VETTVANGSHEIMSÓKNIR Í 33 KENNSLUSTUNDUM

Matsaðilar fóru í 33 kennslustundir við ytra matið og notuðu viðmið um gæði í kennslustundum (fylgiskjal 1) með gátlista (fylgiskjal 2) við matið. Metið var hvernig val á verkefnum fór fram, hvaða kennsluáferðir voru notaðar, hvort nemendur unnu einstaklingslega eða í samvinnu, hvort upplýsingatækni var notuð, hvort markmið voru kynnt nemendum í kennslustundinni eða gerð sýnileg og hvernig kennslustundin var metin í heildina. Einnig var í fyrsta skipti skráð hvort kennslustundin hafi verið fræðandi, leiðbeinandi eða blanda af báðum⁵. Samantekt kennslustunda sem matsaðilar fóru í má sjá í töflum 1-4 og myndum 1-6.



Mynd 1: Mat á 33 kennslustundum í Langholtsskóla miðað við 1.381 kennslustund í öðrum skólum 2009-2017.

Tafla 1. Mat á 33 kennslustundum í Langholtsskóla

Mat á kennslustundum	Fjöldi	Hlutfall
Frábær	3	9%
Góð	25	76%
Þarf að bæta	4	12%
Óviðunandi	1	3%
Samtals	33	100%

⁵ **Fræðandi kennslustund:** Kennarinn miðlar fyrst og fremst efni, staðreyndum og hugtökum. Kennsluathafnir eru að útskýra, sýna og spyrja. Ef spurt, þá eru það spurningar sem kalla oftast á eitt rétt svar. Vinna við verkefni og vinnubækur mótast af því að taka á móti staðreyndum og setja þær fram á ákveðinn hátt, ein þekkt lausn. **Leiðbeinandi:** Kennarinn stýrir framvindu kennslustunda en leggur áherslu á krefjandi spurningar og lausnaleit sem reynir á rökhusun nemenda. Áhersla er á námsferlið sem leið til náms frekar en námsefnið einvörðungu. Nemandinn er í forgrunni og hann er virkur í að athuga, rannsaka og draga ályktanir. Áhugi nemenda og forvitni er drifjöður námsathafna. Kennarinn skapar námsaðstæður og tækifæri nemenda til þátttöku, hann sér um að bjargir séu til staðar og veitir endurgjöf meðan á námi stendur.

Tafla 2. Kennsluaðferðir notaðar í 33 kennslustundum í Langholtsskóla.

Kennsluaðferðir	Fjöldi	Hlutfall
Innlögn	17	52%
Verkefnavinna	23	70%
Þemavinna	2	6%
Verklegt	5	15%
Sköpun	3	9%
Markviss samvinna	4	12%
Sjálfstæð vinna	3	9%
Á ekki við	1	3%
Bekkjarmundur	1	3%
Lestur	1	3%
Hlustun	1	3%


Í vettvangsheimsóknnum var merkt við hvort nemendur hefðu haft val um verkefni og útfærslu eða hvort kennari ákvað verkefni og útfærslu þeirra. Vettvangslýsingar sýndu að nokkuð mismunandi leiðir voru notaðar í kennslustundum sem matsaðilar fóru í en í heildarsamantektinni má sjá að mörg tækifæri eru til að efla þennan þátt enn frekar (tafla 1).

Tafla 3. Val á verkefnum í 33 kennslustundum í Langholtsskóla.


Val á verkefnum	Fjöldi	Hlutfall
Kennari ákveður verkefni	28	85%
Nemendur velja verkefni	4	12%
Á ekki við	1	3%
	33	100%

Tafla 4. Val á útfærslu 33 kennslustunda í Langholtsskóla.


Val á útfærslu	Fjöldi	Hlutfall
Nemendur hafa val um útfærslu	12	36%
Kennari hefur val um útfærslu	19	58%
Bæði kennari og nemendur velja	1	3%
Á ekki við	1	3%
	33	100%




Mynd 2: Einstaklings- eða samvinna í 33 kennslustundum í Langholtsskóla.




Mynd 3: Notkun í upplýsingatækni í 33 kennslustundum í Langholtsskóla.



Mynd 4: Markmið kynnt nemendum eða ekki, í 33 kennslustundum í Langholtsskóla.



Mynd 5: Markmið sýnileg eða ekki, í 33 kennslustundum í Langholtsskóla.



Mynd 6: Lýsing kennslustundar, fræðandi, leiðbeinandi eða blanda, í 33 kennslustundum í Langholtsskóla⁶.

⁶ **Fræðandi kennslustund:** Kennarinn miðlar fyrst og fremst efni, staðreyndum og hugtökum. Kennsluathafnir eru að útskýra, sýna og spyrja. Ef spurt, þá eru það spurningar sem kalla oftast á eitt rétt svar. Vinna við verkefni og vinnubækur mótast af því að taka á móti staðreyndum og setja þær fram á ákveðinn hátt, ein þekkt lausn. **Leiðbeinandi:** Kennarinn stýrir framvindu kennslustunda en leggur áherslu á krefjandi spurningar og lausnaleit sem reynir á rökhusun nemenda. Áhersla er á námsferlið sem leið til náms frekar en námsefnið einvörðungu. Nemandinn er í forgrunni og hann er virkur í að athuga, rannsaka og draga ályktanir. Áhugi nemenda og forvitni er driffjöður námsathafna. Kennarinn skapar námsaðstæður og tækifæri nemenda til þátttöku, hann sér um að bjargir séu til staðar og veitir endurgjöf meðan á námi stendur.

FYLGISKJAL 4: NIÐURSTÖÐUR KANNANA OG SKIMANA Í LANGHOLTSSKÓLA.

Samræmd könnunarpróf.

Árangur nemenda í Langholtsskóla í samræmdum könnunarprófum hefur haldist nokkuð svipaður árin 2014-2017. Í heildarsamantekt hefur skólinn verið 13 sinnum yfir meðaltali annarra skóla í Reykjavík, 11 sinnum undir meðaltali og einu sinni með sama meðaltal og skólar í Reykjavík (sjá töflu 5).

Tafla 5. Samræmd könnunarpróf, niðurstöður Langholtsskóla árin 2014-2017

Samræmd könnurpróf 2014-2018. Meðaltal einkunna í Langholtsskóla og skóla í Reykjavík.				
	2014	2015	2016	2017
4. bekkur				
Íslenska	29,1	32,0	26,9	33,2
Reykjavík	30,6	30,9	30,1	30,3
Stærðfræði	29,6	32,5	29,3	32,1
Reykjavík	30,3	30,8	30,0	30,1
7. bekkur				
Íslenska	28,9	30,5	31,0	30,8
Reykjavík	31,3	30,7	30,9	30,6
Stærðfræði	29,8	31,5	31,1	30,6
Reykjavík	31,4	30,4	30,4	30,6
9. bekkur				
Íslenska				29,6
Reykjavík				30,8
Stærðfræði				30,9
Reykjavík				30,7
Enska				28,6
Reykjavík				31,4
10. bekkur				
Íslenska	34,9	31,6		
Reykjavík	31,0	31,2		
Stærðfræði	32,1	30,7		
Reykjavík	30,9	31,3	13x yfir meðaltali skóla í Reykjavík	
Enska	34,1	31,3	11x undir meðaltali skóla í Reykjavík	
Reykjavík	31,5	31,6	1x með sama meðaltal og skólar í RVK.	


Lesskimun.

Niðurstöður úr lestrarskimun vorið 2018 í Langholtsskóla.

Skimunin var lögð fyrir í apríl 2018 og í Langholtsskóla svöruðu 68 nemendur skimuninni. Af 68 nemendum sem svöruðu voru 28 drengir og 40 stúlkur.


Niðurstöður fyrir alla skóla í Reykjavík árið 2018 voru þær að 977 nemendur af 1.514, eða 65% nemenda, náðu a.m.k. 65% árangri á lesskimunarprófinu. Þessir nemendur teljast því samkvæmt skilgreiningu geta lesið sér til gagns. Nemendur sem ekki náðu 65% árangri á prófinu voru 537 eða 35%. Í Langholtsskóla gátu 41 nemendur af 68, eða 60%, lesið sér til gagns. Samkvæmt skimuninni gátu um 65% stúlkna og 64% drengja í Reykjavík lesið sér til gagns en í Langholtsskóla gátu 55% stúlkna og 68% drengja lesið sér til gagns.

Mynd 7 sýnir hlutfall nemenda í Langholtsskóla árin 2014 til 2018 sem gátu lesið sér til gagns, borið saman við hlutfall nemenda í Reykjavík.



Mynd 7: Mynd A: Hlutfall nemenda í Langholtsskóla og Reykjavík 2014-2018 sem geta lesið sér til gagns.

Á mynd 8 má sjá árangur í lesskimun í Langholtsskóla árin 2018 og 2017 ásamt árangrinum í Reykjavík árið 2018. Hér sjást hlutföll nemenda eftir því hvort þeir gátu lesið sér til gagns, séu við það að ná tökum á lestrinum eða þurfa líklega á sérstökum stuðningi að halda.



Mynd 8: Hlutfall nemenda í Langholtsskóla og Reykjavík eftir árangri í lesskimun.

Milli mála, málskilningspróf.

Niðurstöður úr málskilningsprófi haustið 2018 í Langholtsskóla.


Milli mála er málskilningspróf sem lagt er fyrir nemendur í 1.-10. bekk sem eru með annað móðurmál en íslensku. Alls voru 120 nemendur sem tóku prófið í Langholtsskóla og af þeim kom 101 út á rauðu og 19 á gulu, sem er slakur árangur en í samræmi við niðurstöður heilt á borgina miðað við þá sem tóku prófið. Fjöldi nemenda í 1.-10. bekk í Langholtsskóla var skráður 681 í Mentor 1. september 2018. Miðað við að 120 nemendur komu út á gulu og rauðu í Milli mála prófinu má gera ráð fyrir að tæplega 18% nemenda í skólanum séu í verulegum vanda með orðaforða þess námsefnis sem þeir vinna með inn í bekk.

Talnalykill.

Niðurstöður úr stærðfræðiskimun haustið 2017 í Langholtsskóla.

Í 3. bekk í Langholtsskóla kláruðu 77 nemendur af 82 í árganginum⁷ stærðfræðiskimunina. Skimunin fer fram í þremur þrepum að fyrsta þrep er lagt fyrir alla nemendur í hópprófi. Þeir nemendur sem leysa 6 eða færri atriði rétt af 13 prófatriðum taka annað þrep sem er einstaklingspróf. Þeir nemendur sem þar leysa 26 eða færri atriði rétt af 66 prófatriðum taka þriðja þrep skimunarinnar. Reiknuð er sérstök mælitala fyrir þá nemendur sem taka öll þrepin sem gefur vísbendingu um hvort nemendur séu líklegir eða ólíklegir til að þurfa sérstaka aðstoð í stærðfræði. Sé mælitala nemanda lægri en 85 telst hann líklegur til að þurfa slíka aðstoð. Í Langholtsskóla voru flestir, eða 73% nemenda, sem fóru bara í gegnum þrep I. Í gegnum fyrstu tvö þrepin fóru 14% nemenda og í gegnum öll þrjú þrepin fóru 9% nemenda.

Á mynd 9 má sjá meðaltöl í Langholtsskóla árið 2017 í öllum prófþáttum borin saman við árangur skólans í skimuninum 2015-2016⁸.




Mynd 9: Meðaltöl í Langholtsskóla eftir prófþáttum.

Eftir að heildartala hefur verið reiknuð fyrir nemendur sem fóru í gegnum öll þrjú þrepin, sem var 9% hópsins í Langholtsskóla, er hægt að sjá hvaða nemendur þurfa sérstakan stuðning í stærðfræði. Miðað við heildartölu þurfa 5% nemenda í 3. bekk í Langholtsskóla líklega á sérstökum stuðningi að halda.

⁷ Skv. nemendatölum 1. október 2017.

⁸ Hvíta bilið á myndinni milli mælitölu 7 og 13, táknar meðaltalið 10 og þrjú staðalfrávik frá meðaltalinu. Miðað við stöðlun prófsins eiga einkunnir um 2/3 nemendahópsins í hverjum prófþætti, að vera á þessu bili.

Á mynd 10 má sjá hlutföll nemenda í Langholtsskóla eftir því í hversu mörg þrep þeir þurftu að fara og hvort þeir þurfa á sérstökum stuðningi að halda í stærðfræði. Niðurstaðan er einnig borin saman við hlutföllin í Reykjavík í heild sinni sem og hlutföllin í Langholtsskóla árið 2016.



Mynd 10: Hlutföll nemenda í Langholtsskóla og í Reykjavík í reikningi og aðgerðum, eftir því í hversu mörg þrep þeir þurftu að fara og hvort þeir þurfa á sérstökum stuðningi að halda í stærðfræði.

Skólapúlsin, nemendakönnun.

Niðurstöður úr viðhorfskönnun nemenda í 6.-10. bekk 2017-2018.

Í töflu 6 er yfirlit yfir þá þætti sem könnunin mælir, niðurstöður Langholtsskóla, meðaltal skóla í Reykjavík og niðurstöður á landinu í heild. Grænn reitur táknar að niðurstaða skólans á matsþættinum vikur marktækt frá niðurstöðu landsins, sveitarfélaginu í hag. Rauður reitur táknar að niðurstaða skólans á matsþættinum vikur marktækt frá niðurstöðu landsins, landinu í hag. Engin þáttur mældist rauður í Langholtsskóla en 6 þættir voru grænir. (Til upplýsinga: hærra tala er eftirsóknarverð fyrir matsþáttinn „Einelti“ – en Langholtsskóli mælist með örlítið meira einelti en meðaltal, en munurinn er ekki marktækur).

Tafla 6. Niðurstöður Skólapúlsins, viðhorfskönnun nemenda í 6.-10. bekk.

1. Virkni nemenda í skólanum	Langholtsskóli	Reykjavík	Landið
Ánægja af lestri	5,1	5,0	4,8
Þrautseigja í námi	5,1	5,1	5,0
Áhugi á stærðfræði	5,3	5,1	5,1
Ánægja af náttúrufræði	5,4	4,9	4,9
Trú á eigin vinnubrögð í námi	5,0	5,2	5,0
Trú á eigin námsgetu	5,2	5,0	4,9
2. Líðan og heilsa	Langholtsskóli	Reykjavík	Landið
Sjálfsálit	5,3	4,9	5,0
Stjórn á eigin lífi	4,8	4,9	4,9
Vellíðan	5,2	4,8	4,9
Einelti	5,0	5,1	5,2
Tíðni eineltis	15,3%	12,7%	12,1%
Hollt mataræði	4,8	4,9	4,8
3. Skóla- og bekkjarandi	Langholtsskóli	Reykjavík	Landið
Samsömun við nemendahópinn	5,0	5,0	5,0

Samband nemenda við kennara	5,6	4,9	5,0
Agi í tímum	5,4	4,9	5,0
Virk þátttaka nemenda í tímum	5,7	5,1	5,1
Mikilvægi heimavinnu í náminu	5,2	4,6	4,7
4. Aukaspurningar	Langholtsskóli	Reykjavík	Landið
Mötuneytið - Í áskrift	84,7%	80,1%	80,1%
Oftast góður, eða frekar góður matur	44,6%	46,4%	46,4%

Grænn litur þýðir að svör þátttakenda í rannsókninni hafi verið tölfræðilega marktækt frábrugðin svörum viðmiðunarhópsins (nemendur í öðrum skólum sem tóku könnunina) og að líkur megi leiða að því að munurinn sem kemur fram í úrtakinu sé einnig til staðar í þýðinu. Engin þáttur kom út á rauðu í Langholtsskóla.

Foreldrakönnun.

Niðurstöður úr viðhorfskönnun foreldra á vegum skóla- og frístundasviðs 2018.

Könnunin var framkvæmd á tímabilinu 10. febrúar til 15. mars 2018 og fór gagnaöflun aðallega fram á netinu. Svarhlutfall foreldra í Langholtsskóla var 74,9% en í úrtaki voru 171 foreldri og þarf af svöruðu 128.

Markmið könnunarinnar var að skoða viðhorf foreldra til líðanar, náms og kennslu barna þeirra í skólum. Úrtak var tekið af handahófi úr nemendaskrá þannig að jafnt hlutfall var tekið úr hverjum árgangi og eftir kyni í hverjum árgangi í úrtaki. Ekki var spurt um fleiri en einn nemanda frá hverju heimili. Könnunin var fyrst send á netfang annars foreldris og svo hins ef svar barst ekki frá þeim fyrri.

Þegar niðurstöður eru skoðaðar er vert að hafa í huga að í könnun frá árinu 2016 var svarmöguleikinn „hvorki né“ ekki valmöguleik, einni spurningu var bætt við og tvær spurningar voru orðaðar öðruvísi:

- * Spurning hljóðaði þannig 2016: Kennari þekkja þarfir barnsins og styðja það vel í skólastarfinu
- ** Spurningu bætt við 2018
- *** Spurning hljóðaði þannig 2016: Skólastjórnendur leggja sig fram við að vera sýnilegir í daglegu starfi.

Tafla 7. Niðurstöður foreldrakönnunar skóla- og frístundasviðs.

Langholtsskóli	Niðurstöður 2018					Langholtsskóli samanlagt mjög/frekar sammála							Mjög/frekar sammála Langholtsskóli / Reykjavík í heild		
	Mjög sammála	Frekar sammála	Hvorki né	Frekar ósammála	Mjög ósammála	Yngsta stig	Miðstíg	Unglinga-stíg	Stelpur	Strákar	Alls	Langholtsskóli 2016 ****	Langholtsskóli 2018	Reykjavík 2018	
Á heildina litið er ég ánægð(ur) með grunnskólann sem barnið mitt er í	38%	48%	9%	4%	1%	92%	77%	88%	88%	84%	86%	90%	86%	81%	
Líðan í skólanum															
Barnið mitt fær góðan stuðning frá kennurum sínum*	51%	40%	6%	2%	1%	95%	85%	92%	93%	91%	91%	91%	91%	85%	
Barninu finnst það vera öruggt í skólastarfinu	51%	40%	7%	2%	0%	95%	89%	84%	92%	92%	91%	92%	91%	87%	
Barninu er mætt með sanngirni í skólastarfinu	50%	42%	7%	0%	1%	95%	89%	92%	93%	92%	93%	91%	92%	86%	
Í skólastarfinu er áhersla á að efla sjálfstraust barnsins	34%	48%	12%	6%	0%	88%	66%	88%	80%	83%	81%	88%	82%	70%	
Skólinn tekur fjótt og vel á stríðni og einelti	24%	46%	21%	7%	2%	71%	78%	57%	69%	72%	70%	78%	70%	65%	
Agi í skólanum er góður	20%	51%	20%	4%	4%	75%	67%	68%	69%	73%	71%	84%	71%	66%	
Barninu líður vel í skólanum	47%	44%	5%	4%	0%	92%	87%	92%	92%	89%	91%	88%	91%	84%	
Nám og kennsla															
Barninu finnst gaman að læra í skólanum	33%	44%	13%	7%	2%	92%	64%	60%	84%	72%	77%	84%	77%	75%	
Barnið tekur stöðugum framförum í náminu	40%	44%	12%	4%	0%	95%	74%	72%	89%	82%	84%	88%	88%	80%	
Barnið er hvatt til þess að leggja sig fram í náminu.	46%	42%	10%	3%	0%	95%	71%	92%	90%	85%	87%	89%	88%	84%	
Ég hef tekið þátt í að setja barninu markmið í námi	38%	38%	17%	3%	4%	85%	64%	76%	74%	78%	76%	78%	76%	76%	
Ég fæ reglulega góðar upplýsingar um námsmarkmið barnsins**	32%	45%	13%	9%	0%	87%	56%	84%	80%	74%	77%		77%	63%	
Ég fæ reglulega góðar og leiðbeinandi upplýsingar um námsárangur barnsins	33%	40%	15%	13%	0%	81%	54%	79%	80%	65%	72%	68%	73%	67%	
Heimanám barnsins hefur skýr markmið og er vel skipulagt	34%	33%	22%	6%	6%	81%	50%	58%	74%	60%	67%	80%	67%	66%	
Stjórnun skólans															
Ég þekki stefnu og gildi skólans	17%	39%	21%	13%	10%	51%	59%	61%	57%	56%	56%	68%	56%	64%	
Skólinn/kennarinn leitar til mín eftir tillögum og hugmyndum	11%	20%	34%	16%	19%	27%	29%	43%	29%	32%	31%	40%	31%	27%	
Ábendingar mínar eru teknar til greina	17%	43%	30%	6%	4%	59%	53%	71%	61%	59%	60%	77%	60%	56%	
Það er gott upplýsingaflæði um skólastarfið	26%	44%	18%	10%	2%	72%	56%	87%	68%	72%	70%	82%	70%	72%	
Skólastjórnendur eru sýnilegir í daglegu starfi***	20%	42%	20%	10%	9%	61%	59%	67%	58%	65%	62%	80%	62%	69%	
Skólanum er vel stjórnað	25%	48%	16%	5%	5%	82%	64%	65%	70%	76%	73%	89%	73%	75%	

FYLGISKJAL 5: REKSTRARNIÐURSTAÐA LANGHOLTSSKÓLA FRÁ 2014-2017.

Rekstrarniðurstaða Langholtsskóla frá 2014-2017 var eftirfarandi:

2014	517 þkr. halli
2015	18,7 mkr. halli
2016	12,0 mkr. halli
2017	10,8 mkr. halli

Taflan hér að neðan sýnir skiptinguna niður á flokka:

Flokkur	Fjárhæð 2017	Áætlun 2017	Fjárhæð 2016	Áætlun 2016	Fjárhæð 2015	Áætlun 2015	Fjárhæð 2014	Áætlun 2014
Annar rekstrarkostnaður	89.394.430	90.952.401	88.083.986	79.489.775	92.652.635	78.740.013	82.890.335	75.236.688
laun og launatengd gjöld	746.492.515	728.182.709	648.131.739	635.867.215	612.675.027	591.616.851	530.850.084	528.093.201
Tekjur	- 56.462.340	- 52.300.902	- 50.284.810	- 43.945.213	- 47.877.540	- 36.486.103	- 44.749.487	- 34.855.739
Innri leiga- hús og búnaðar	252.613.910	254.349.884	242.209.952	244.697.338	237.925.469	242.778.991	234.327.241	234.327.242
Heildarsumma	1.032.038.515	1.021.184.092	928.140.867	916.109.115	895.375.591	876.649.753	803.318.173	802.801.392

Helstu frávík

Árin 2014 til 2017 var skólinn í rekstrarhalla og því rekinn umfram það fjármagn sem honum er úthlutað. Árið 2014 var halli á öllum rekstrarliðum en afgangur á móti í tekjum. Árin 2015, 2016 og 2017 fór halli rekstrarkostnaðar að aukast og þá sérstaklega laun og launatengd gjöld.

Árið 2014

Ekki var mikill halli á öðrum rekstrarkostnaði og launum. Smáir liðir hér og þar sem mynda hallann.

Árið 2015

Halla ársins 2015 má að mestu rekja til yfirkeyrslu launa í kennslu og sérkennslu. Aðrir liðir með minni halla/afgang.

Árið 2016

Halla ársins 2016 má að mestu rekja til yfirkeyrslu launa í kennslu. Aðrir liðir með minni halla/afgang.

Árið 2017

Halla ársins 2017 má að mestu rekja til yfirkeyrslu launa í kennslu. Aðrir liðir með minni halla/afgang.

Valgeir Ólafur Sigfússon

Fjármála- og rekstrarþjónusta, skóla- og frístundasvið